# **Hæfnirammi** um íslenska menntun

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

| Íslensk hæfniþrep (ISQF) | Lýsing á hæfni | Dæmi um námslok | Evrópsk hæfniþrep (EQF) |
|---|---|---|---|
| **7** | • Hefur yfirgripsmikla yfirsýn yfir kenningar, rannsóknir og nýjustu þekkingu innan síns sviðs.<br>• Getur framkvæmt og leitt rannsóknir af öryggi með þróun nýrrar þekkingar að leiðarljósi.<br>• Getur sýnt sjálfstæði og frumkvæði og borið ábyrgð á flókinni fræðilegri vinnu og miðlað henni til annarra. | **Doktorspróf** | **8** |
| **6.2** | • Hefur aflað sér þekkingar með rannsóknum og skilur fræðileg viðfangsefni og álitamál og getur sett nýjustu þekkingu í samhengi.<br>• Getur skilið flókin viðfangsefni og beitt viðeigandi aðferðum við framkvæmd smærri rannsóknarverkefna.<br>• Getur átt frumkvæði að nýjum verkefnum, metið þá aðferðafræði sem við á, stýrt þeim og borið ábyrgð á sinni vinnu og samstarfsmanna. | **Meistarapróf** | **7** |
| **6.1** | • Þekkir og skilur fræðileg viðfangsefni og álitamál og getur sett nýjustu þekkingu í samhengi.<br>• Getur beitt aðferðum fræði-/starfsgreinar til að setja fram, þróa og leysa verkefni.<br>• Getur átt frumkvæði að nýjum verkefnum, stýrt þeim og borið ábyrgð á sinni vinnu og samstarfsmanna. | **Viðbótarpróf á meistarastigi** | |
| **5.2** | • Hefur skilning og innsæi á helstu fræðilegu hugtökum og kenningum og hefur vitneskju um nýjustu þekkingu á völdu sviði.<br>• Getur beitt gagnrýnum aðferðum fræði-/starfsgreinar við úrlausn verkefna og lagt á þær sjálfstætt mat.<br>• Getur unnið sjálfstætt og skipulega, gert og fylgt áætlunum og leitt verkhópa. | **Bakkalárpróf** | **6** |
| **5.1** | • Hefur þekkingu á völdum kenningum og fræðilegum hugtökum og þekkir stöðu viðkomandi sviðs í víðara samhengi.<br>• Getur undirbúið og framkvæmt verkefni og nýtt þá tækni sem notuð er í viðkomandi fræði-/starfsgrein.<br>• Getur sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og unnið með öðrum að úrlausn verkefna. | **Diplómapróf** | |
| **4** | • Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist við leiðsögn og stjórnun í starfi og/eða til undirbúnings náms.<br>• Getur skipulagt vinnuferli, beitt viðeigandi tækni og þróað starfsaðferðir á ábyrgan hátt.<br>• Getur leiðbeint og veitt faglega þjálfun, metið eigið vinnuframlag og annarra og borið ábyrgð á hagnýtingu starfsgreinar í þverfaglegu samstarfi. | **Viðbótarnám við framhaldsskóla (a)** | **5** |
| **3** | • Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings frekara náms.<br>• Getur skipulagt og metið eigin störf, sýnt fagmennsku og frumkvæði.<br>• Getur nýtt sérhæfða þekkingu til umbóta, veitt fagleg ráð og tekið þátt í þverfaglegu samstarfi. | **Stúdentspróf, próf til starfsréttinda (b), önnur lokapróf (c), aðfaranám að háskólanámi** | **4** |
| **2** | • Hefur þekkingu á verkferlum og hugtökum sem nýtast í námi og/eða starfi.<br>• Getur beitt viðeigandi faglegum aðferðum, verkfærum og upplýsingum við lausn viðfangsefna.<br>• Getur starfað með öðrum, tekið frumkvæði í samskiptum og borið ábyrgð á skilgreindum verkþáttum. | **Framhaldsskólapróf, próf til starfsréttinda (d), önnur lokapróf (e)** | **3** |
| **1** | • Hefur grunnþekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings frekara náms.<br>• Getur leyst viðfangsefni með því að vinna úr einföldum upplýsingum í námi og/eða starfi.<br>• Getur unnið undir leiðsögn annarra en með nokkru sjálfstæði í afmörkuðum verkefnum. | **Framhaldsskólapróf, önnur lokapróf (f), námslok úr grunnskóla** | **1 og 2** |

**Dæmi:** a) Iðnmeistari. b) Húsasmiður, sjúkraliði. c) Garðyrkjufræðingur, tækniteiknari. d) Vélstjóri með A-réttindi. e) Frístundaleiðbeinandi, kjötskurðarmaður. f) Skólaliði.